

YOSCIWEB Fréttabréf 4

YOSCIWEB hópurinn hefur lokið ítarlegri greiningu á völdum vefsíðum í aðildarlöndum verkefnisins.

Í upphafi ársins 2009 valdi YOSCIWEB hópurinn 60 vinsælar vefsíður sem miðla vísindum, og voru þessar vefsíður greindar nákvæmlega af hópunum. Helsta markmið hinnar ítarlegu greiningar var að geta metið nákvæmlega vefsíðurnar og eiginleika þeirra. Nánari upplýsingar um þetta má finna í Fréttabréfi 3.

Nú þegar þessari greiningu er lokið höfum við tekið saman yfirlit yfir niðurstöðurnar, sem ætti að gefa góða mynd af helstu venjum og þeim nýstárlegu hugmyndum sem fram komu í hverju aðildarlandi. Mikilvægustu niðurstöður þessarar greiningar eru tilgreindar í þessu fréttabréfi. Sjá nánar á bls 3.

YOSCIWEB hópurinn vinnur nú með rýnihópum skipuðum ungu fólki til að greina frekar vefsíðurnar. Næsta verkefni hópsins er að taka saman niðurstöður þeirrar vinnu til að geta dregið ályktanir um viðhorf ungs fólks til miðlun vísinda á vefsíðum.

YOSCIWEB hópurinn hefur lokið ítarlegri greiningu á völdum vefsíðum í aðildarlöndum verkefnisins. Vinna stendur yfir með rýnihópa skipaða ungu fólki á aldrinum 12 – 17 ára þar sem markmiðið er að greina þeirra viðhorf og hugmyndir um miðlun vísinda á vefsíðum.

Efnisyfirlit

Um YOSCIWEB

Bls 1

Vinna með rýnihópa

Bls 2

Greining á vefsíðum sem miðla vísindum í aðildarlöndum

Bls 3

Verkefni YOSCIWEB hópsins

Bls 4

Framtíð YOSCIWEB

Bls 5



About YOSCIWEB

YOSCIWEB verkefnið miðar að því að greina hvaða ímynd vefsíður tileinkaðar vísindamiðlun gefa af vísindum og vísindamönnum gagnvart ungu fólki. Markmið verkefnisins er að veita ráðgjöf, benda á nýjungar og draga saman hollráð fyrir miðlun vísinda í gegnum netið og þá ímynd sem hún endurspeglar af vísindum og vísindamönnum.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu verkefnisins: www.yosciweb.eu

YOSCIWEB er styrkt af [Evrópusambandinu samkvæmt Rammaáætlun 7](#) og stendur frá janúar 2008 til mars 2010.



Vinna með rýnihópa

Nýlokið er vinnu með rýnihópa skipuðu ungu fólki á aldrinum 12-17 ára til að fá aukinn skilning á því hvernig ungt fólk hugsar um vísindi og vísindamenn og hvernig viðhorf þeirra er til þeirra vefsíðna sem valdar voru.

Hver aðili setti saman 8 rýnihópa, sem hver var skipaður 9 börnum. Hópunum var skipt í eldri hópa (15-17 ára) annars vegar og yngri hópa (12-14 ára) hins vegar. Yngri hóparnir samanstóðu af þremur tólf ára, þremur þrettán ára og þremur fjórtán ára unglingum. Í eldri hópunum voru þrjár 15 ára, þrjár 16 ára og þrjár 17 ára. Hópunum var auk þess skipt eftir kyni og félagslegri stöðu (sem hafði áður verið skilgreind í hverju aðildarlandi).

Rýnihóparnir ræddu fyrst almennt um hvað vísindi væru og hvað vísindamenn gerðu. Þetta var gert til að hjálpa þátttakendum að slaka á og brjóta ísinn í umræðunum. Þetta veitti einnig innsýn inn í viðhorf þátttakenda og þekkingu á vísindum. Með þessu var einnig verið að koma þátttakendum í rétt hugarástand fyrir þá vinnu sem framundan var.

Seinni hluti vinnunnar fólst í því að rýnihóparnir greindu þrjár vinsælar vefsíður sem miðla vísindum í hverju landi og valdar höfðu verið af YOSCIWEB hópnum. Börnunum var skipt í hópa eftir aldri og fékk hver hópur um það bil 20 mínútur til að skoða og greina hverja vefsíðu. Hver þátttakandi fyllti út greiningarlykil fyrir hverja vefsíðu.

Spurningum greiningarlykilsins var skipt í 4 flokka:

1. Hvernig er útlit vefsíðunnar?
2. Hvernig er gagnvirkni vefsíðunnar?
3. Hvað finnst þér um síðuna?
4. Hvaða ímynd gefur vefsíðan þér af vísindum og vísindamönnum??

1. What does the website look like?

Can you easily see what this website is about?	Yes	No
Is this website easy to read?	Yes	No
Is this site is cool to look at?	Yes	No
	Why?	
Are there things that distract you from reading the site properly?	Yes	No

Mynd 2: Dæmi um spurningalista rýnihópa.

Að síðustu fóru fram lokaumræður þar sem hópurinn ræddi saman um hvað þeim fannst um vefsíður sem miðla vísindum almennt. Til dæmis var rætt hvaða vefsíða þeim þótti best, hvaða vefsíður þau nota venjulega og af hverju þeim líkaði ekki við sumar vefsíður.

Nánar má lesa um verklýsingu fyrir rýnihópna hér: <http://www.yosciweb.eu/d9.pdf>

Greining á vefsíðum sem miðla vísindum

YOSCIWEB hópurinn hefur greint vefsíður sem miðla vísindum í aðildarlöndum verkefnisins og verða hér kynntar nokkrar af helstu niðurstöðum þessarar vinnu.

Vefsíðurnar voru greindar eftir 4 megin forsendum:

- Innihald
- Útlit
- Notendaviðmót
- Gagnvirkni

Ímynd vísinda og vísindamanna

Án vafa var athyglisverðasta niðurstaða þessa hluta að á um 25% allra valdra vefsíða var engin eða nánast engin myndræn framsetning af vísindamönnum.

Nokkrar vefsíður voru þó með sérstaka hluta síðunnar tileinkaða ímynd vísindamanna: sem dæmi má nefna voru þrjár vefsíður sem sögðu frá vísindamönnum við rannsóknir án þess að vera með myndræna framsetningu en þar var lýst daglegum athöfnum þeirra og vinnu. Tvær vefsíður voru með viðtöl við vísindamenn og þrjár vefsíður birtu nafn þess sérfræðings sem veitti tiltekna upplýsingar.

Innihald

„Stærri stofnanir eru með vandaðri vefsíður“ er almennasta og mikilvægasta niðurstaðan um innihald vefsíðna í Bretlandi. Í smærri löndum, svo sem Eistlandi, er niðurstaðan sú að „betur fjármagnaðar vefsíður hafa efni á að vera virkari í uppfærslum og nýta sér betur nútíma tækni til að koma skilaboðum áleiðis um vísindi og vísindamenn.“

Frönsku aðilarnir velja fyrir sér spurningunni „hvar eru

vísindin?“ varðandi vefsíðu sem haldið er úti af frægu fréttatímariti: þeir eru einkum að kynna nýjustu útgáfu tímaritsins (án þess að gefa upp efni greinanna) og sýna mikið af hreyfimyndum, ekki endilega um vísindatengd efni heldur með ýmsu efni sem gæti mögulega vakið athygli og áhuga ungs fólks (gríni, tónlist, kvikmyndum o.s.v.fr.). Þessi spurning gæti átt við í öllum löndum þar sem vísindi og vísindamiðlun er stofnanaleg eða of markaðstengd. Vefsíður eru sýningargluggar fyrir stofnanir sem vilja kynna sig og starfsemi sína og oft er þar mjög lítið af raunverulega vísindatengdu efni.



Mynd 3: Er þetta nútíma vísindamaður?

Útlit vefsíðunnar

Flestar vinsælar vísindamiðlandi vefsíður í úrtakinu hjá Spáni, Frakklandi og Bretlandi voru taldar vera mjög útlitslega aðlaðandi með gott litaval og frumlegar skreytingar, nóg af ljósmyndum, teikningum og gröfum. Hins vegar var þetta ekki tilfellið í Búlgaríu þar sem skortur á fjármagni í vísindamiðlun er greinileg og kemur sérstaklega fram í viðvaningslegri grafík og útliti flestra vefsíða sem greindar voru þar í landi.

Notendaviðmót

Flestar vefsíðurnar sem valdar voru á Spáni, Íslandi og Frakklandi voru fagmannlega unnar hvað varðar notendaviðmót, svo sem í skipulagi efnis og gegnsæi vefsíðunnar. Helsta frávikið frá þessu var í Frakklandi þar sem ein vefsíða var alltof flókin sökum of ítarlegrar flokkunar á því mikla efni sem vefsíðan hafði að geyma. Helsti gallinn í notendaviðmóti spænska úrtaksins var skortur á „niðurhali og útprentunar möguleikum“.

Gagnvirkni

Flestir aðilar skilgreindu gagnvirkni vefsíðanna sem lága til miðlungs. Bæði í Frakklandi og á Bretlandi var ekki mikið um gagnvirkni á vefsíðunum: lítið var um 2.0 tækni og samskiptamöguleikar voru litlir.

Í hollenska úrtakinu er engin vefsíða sem býður upp á alla tilgreinda gagnvirkni möguleika. Á Spáni voru vefsíðurnar ekki heldur mjög gagnvirkar fyrir utan möguleika notenda til að senda inn athugasemdir eða bæta við efni vefsíðunnar.

Í Búlgaríu og Eistlandi voru aðeins spjallborð og möguleiki notenda til að senda inn athugasemdir frekar vel útfærðar, en gagnvirkni vefsíðanna í heild sinni var talið vera lág.

Á Íslandi var gagnvirknin einkum á forminu „spurningar og svör“, sem í sumum tilfellum var mjög vel útfært. Um helmingur vefsíðanna gaf notendum auk þess kost á að senda hlekk eða birta grein á Facebook. Fjölmargir gagnvirknis möguleikar komu fram í íslenska úrtakinu en hver vefsíða bauð hins vegar aðeins upp á nokkra af þeim.

Nánar má lesa um greiningu hópsins á vefsíðum sem miðla vísindum: <http://www.yosciweb.eu/d11.pdf>.

Usability? Cool, that's when you make sites easier to use, right? And how do you...



Mynd 3. Skopmynd um hugtakið „notendaviðmót“.

Önnur verkefni YOSCIWEB aðila

Við viljum einnig vekja athygli ykkar á áhugaverðum verkefnum sem aðilar YOSCIWEB hópsins eru að vinna að um þessar mundir. Conseil général de l'Essonne - CG91 – recur vinsæla vefsíðu í Frakklandi sem miðlar vísindum og kallast *Banque des Savoirs*. Þeir eru nú farnir að birta fréttabréf á ensku, sem gæti verið áhugavert fyrir lesendur YOSCIWEB fréttabréfsins að fylgjast með.

Meðal efnis í fyrsta fréttabréfinu er:

- [An Ant 's life](#)
- [Teaching Science: not so neutral textbooks...](#)
- [The wild animals of Paris](#)
- [Spiderman... or is it Spidergoat?](#)
- [Philippe Bouveret, sculptures run by nature](#)

Þið getið skoðað þetta nánar hér:

http://www.yosciweb.eu/NL_Banque_des_savoirs_EN_01.pdf og skráð ykkur á

póstlista til að fá næsta Banque des savoirs fréttabréf!

Á döfinni hjá YOSCIWEB

Fyrsta verkefni YOSCIWEB hópsins er að klára vinnu með rýnihópum í öllum aðildarlöndum. Eftir að vinnu með rýnihópa er lokið munu skosku aðilarnir greina og taka saman niðurstöður rýnihópanna.

Að því loknu munu YOSCIWEB aðilarnir frá Íslandi, Spáni og Skotlandi fara yfir niðurstöður rýnihópana og greina það sem einkennir hugmyndir og skoðanir ungs fólks um vísindi í hverju landi. Einnig verður niðurstöður um viðhorf til vísinda og vísindamanna eftir aldri, kyni og félagslegri stöðu og út frá því verða greindar hvaða aðferðir reynast best gagnvart ungu fólki við miðlun vísinda.

Fimmta fréttabréf YOSCIWEB verður birt og sent eftir 4 mánuði.

YOSCIWEB hópurinn vonar að þetta veiti ykkur gagnlegar og áhugaverðar upplýsingar varðandi þá ímynd sem vefsíður sem helga sig vísindum veita af vísindum og vísindamönnum. Í lok verkefnisins munum við kynna fyrir ykkur heildarniðurstöður verkefnisins og þær ráðleggingar sem draga má af þeim um miðlun vísinda á netinu.

Frekari upplýsingar um verkefnið og niðurstöður þess má finna á heimasíðu: www.yosciweb.eu

